



Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Forstöðumaður:

Hildur Friðriksdóttir
Eirbergi, Eiríksstötu 34
101 Reykjavík
Sími: 525-5280
Fax: 525-4963
Netfang: rsh@hi.is

Ritstjóri Rannsóknafréttar: Hildur Friðriksdóttir
Hafðu samband ef þú vilt gerast áskrifandi.

Í stjórn RSH sitja:

Erla Kolbrún Svavarsdóttir formaður
Helga Bragadóttir
Lilja Stefánsdóttir
Helga Gottfreðsdóttir

www.rsh.hi.is

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði heyrir undir hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Stofnunin er sjálfstæð með eigin reglur og sérstaka stjórn. Rekstrarfé hennar kemur frá hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúsi. Hlutverk stofnunarinnar er m.a. að styðja við og efsla rannsóknir kennara við hjúkrunarfræðideild og hjúkrunarfræðinga og ljósmæðra við Landspítala, m.a. með því að bygja upp tækjabúnað, hugbúnað, gagnabanka og önnur mikilvæg tæki til rannsókna.

Árið 2007 var stofnaður **Rannsóknasjóður Ingi-bjargar R. Magnúsdóttur**, sem ætlað er að styrkja hjúkrunarfræðinga og ljósmæður til doktorsnáms. Ábuga-samir geta styrkt sjóðinn með ýmsu móti t.d. með frjálsum framlögum, sent minningar- eða tækifæriskort o.fl. Hægt er að hafa samband við stofnunina í síma eða gegnum heimasíðu. Fjárhæðir má leggja inn á eftirfarandi banka-reikning hjá Glitni: 0513-26-004057. Kennitala styrktarsjóða HÍ er 571292-3199.

69% fastráðinna kennara hjúkrunarfræðideildar með doktorspróf

Sé litið til baka um tíu ár hefur hlutfall doktorsmenntaðra kennara í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands hækkað um 19 prósentustig, eða úr 48% af heildarfjölda fastráðinna kennara árið 1998 í 69% árið 2008.

Eins og sjá má á meðfylgjandi súluriti hefur fjöldi einstaklinga með doktorspróf, sem kenna við deildina, rúmlega tvöfaldað á þessu tímabili. Árið 1998 voru þeir 10 en eru nú 23. Fastráðnum kennurum við deildina hefur fjölgað um ellefu frá árinu 1998.

Fjölgun doktorsmenntaðra kennara er í takt við stefnu Háskóla Íslands fyrir árin 2006–2011. Í henni felst m.a. að auka kröfur við ráðningu og framgang kennara og að gerð verði krafa um doktorspróf að öllu jöfnu.


Í stefnuskrá Háskóla Íslands er markmiðið enn fremur að fjölga doktorsnemum og í stefnu hjúkrunarfræðideildar er miðað við að árið 2011 hafi deildin brautskráð a.m.k. fimm doktora.

Nú þegar eru fjórir starfandi kennarar við hjúkrunarfræðideild í doktorsnámi, þar af þrír sem stefna að brautskráningu frá HÍ.

Samhliða þeirri fjölgun sem hefur orðið á doktorsmenntuðum kennurum og doktorsnemum hefur rannsóknarvirki hjúkrunarfræðideildar aukist. Sem dæmi má nefna að milli árunna 2006 og 2007 hækkaði meðaltal rannsóknastiga hjá kennurum deildarinnar um 5,73 stig eða úr 24,2 í 25,93 stig. Meðaltal

rannsóknastiga endurspeglar rannsóknarvirki kennara hvernar deildar fyrir sig.

Hjúkrunarfræðideild er nú í fjórða sæti af ellefu deildum HÍ þegar meðaltal rannsóknastiga eru borin saman. Efst trónir félagsvísindadeild með 36,34 rannsóknastig að meðaltali.



Rannsóknafréttir



Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands og Landspítala

Samvinna og samþætting áherslumál heilbrigðisvísindasviðs

- **Mellow Parenting (foreldraefling) er meðferðarúrræði sem hópur sérfræðinga hefur áhuga á setja á fót fyrir foreldra ungra barna sem eru komnir í þrot, bls. 3.**

- **Fjögur örnámskeið um vísindavinnu verða á Landspítala, bls. 2.**

Sigurður Guðmundsson fyrrverandi landlæknir tók við stöðu forseta heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands í október sl. Í tilefni þess var hann beðinn um að skrifa stuttan pistil í *Rannsóknafréttir*.

„Hjúkrun er gamalt fag sem stendur á traustum grunni. Upphafið er, eins og allir vita, oft rakið til Florence Nightingale og starfa hennar í Krímstríðinu. Þar fór raunverulegur frumkvöðull og leiðtogi og greinilega fór saman athyglisgáfa og ályktunargáfa, allt eiginleikar sem einkenna góðan vísindamann. Þar var braut lögð að hjúkrun sem akademísku fagi í heilbrigðisvísindum, en aðalsmerki slíkra faggreina er áhersla á kennslu, rannsóknir og praktíska starfsþjálfun.

Hjúkrun hefur sem vísindagrein markað sér sess sem þverfagleg grein á margan hátt. Þar er áhersla á líffvísindi og faraldsfræði, greinar sem þekking okkar á eðli sjúkdóma hefur hingað til byggt að miklu leyti á.

Ekki gætir þess síður að leitað sé skýringa og lausna á vanda heilbrigðisþjónustu og þróun hennar með aðferðum og jafnvel kennisetningum heimspeki, tilvistarvísinda, sálarvísinda og félagsvísinda. Með öðrum orðum, „humaniora“ heilbrigðisþjónustu er viðfangsefni. Er það vel og ber að halda áfram á þeirri braut.

Þetta gefur mikið tilefni til samvinnu og samþættingar



Sigurður Guðmundsson forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.

milli faggreina, bæði í námi og rannsóknum. Slíkt er eitt af mörgum áherslumálum nýs heilbrigðisvísindasviðs HÍ, og í raun grunnur að hugmyndafræði þess. Slík samvinna milli greina er eitt skilyrði þess að unnt sé að styrkja stóðir rannsókna við hjúkrunarfræðideild og auka sókn hennar í styrktarsjóði.“

Það helsta í blaðinu

Ritstjórnarpistill	2
Várd i Norden breytir um heiti	2
Samevrópsk krabbameinsrannsókn kynnt	3
Miðlað af norrænni reynslu í kennslu og vísindum	3
Doktorsmenntuðum kennurum í hjúkrunarfræðideild fjölga	4
Upplýsingar um Rannsóknasjóð	4

Málþing á fræðasviðum hjúkrunar- og ljósmóðurfræði

Í dag, fimmtudaginn 4. des. 2008, er haldið árlegt málþing á fræðasviðum hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands í Norræna húsinu.

Þingjöld er að þessu sinni haldið í samvinnu við rannsóknámsnefnd hjúkrunarfræðideildar, þar sem 10 ár eru liðin

frá því meistaranám var tekið upp við deildina.

Dagskráin er tvískipt. Klukkan 12:30–15:00 kynna þrettán kennarar rannsóknir sínar (sjá www.rsh.hi.is). Kl. 15:30–16:20 er hátíðardagskrá þar sem Sigurður Guðmundsson forseti heilbrigðisvísindasviðs

flytur ávarp, tveir doktorsnemar sem hlutu nýlega styrk kynna doktorsrannsóknir sínar og Elsa B. Friðfinnsdóttir færir Rannsóknasjóði Ingi-bjargar R. Magnúsdóttur gjöf fyrir hönd Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga.

Allir eru velkomnir.

Ritstjórnarpistill



Helga Bragadóttir
dósent og stjórnar-
maður RSH

Þverfræðilegt samstarf er vísindum og kennslu nauðsynlegt. Úr því spretta nýjar hugmyndir, ný nálgun og dýpri þekking. Heimurinn er flókið fyrirbæri og það eru viðfangsefni rannsókna einnig.

Þegar ég hugsu þverfræðilegar rannsóknir og þverfræðilegt samstarf kemur mér í hug sagan um blindu mennina og filinn.

Þrjú blindir menn gengu eitt sinn fram á fil en þeir höfðu aldrei áður komist í tæri við þá skepnu og voru því afar forvitnir. Þeir þreifðu einn í einu á filnum til að komast að raun um hvernig hann liti út. Sá fyrsti sagði: „Fíllinn er langur og mjór eins og reipi.“ „Nei,“ sagði annar, „hann er hár, hrjúfur og breiður eins og veggur.“ „Ykkur skjátlást

báðum hrapallega,“ sagði sá þriðji, „fíllinn líkist mest feitri slöngu.“

Eins held ég að fari fyrir okkur vísindamönnum ef við tökum ekki höndum saman og skoðum viðfangsefni okkar á heildstæðan hátt. Það gerum við líklega best með þverfræðilegu samstarfi innlendra og erlendra aðila. Nú þegar hjúkrunarfræðideild er orðin hluti af nýju heilbrigðisvísindasviði Háskóla Íslands ættu okkur að vera fleiri vegir færir í þeim efnum en áður.

Háskóli Íslands og þar með hjúkrunarfræðideild mörkuðu sér metnaðarfulla stefnu fyrir tímabilið 2006–2011 þar sem áhersla er lögð á öflugt vísinda- og kennslustarf og er öflugt þverfræðilegt samstarf eitt af því sem þar er sett á

oddinn.

Rannsóknastofnun í hjúkrunarfræði er ætlað það hlutverk að styðja við og efla rannsóknir í hjúkrunarfræði og ljósmóðurfræði og má ætla að þáttur hennar verði nokkur í auknu þverfræðilegu samstarfi á nýju heilbrigðisvísindasviði.

Framundan eru spennandi tímar og væntir stofnunin mikils af þverfræðilegu samstarfi innan hins nýja sviðs.

Vil ég nota þetta tækifæri og bjóða Sigurð Guðmundsson fyrsta forseta heilbrigðisvísindasviðs velkominn til starfa.

„Næsta námskeið verður 13. janúar 2009. Upplýsingar um námskeiðin má fá í gegnum netfangið: audnaag@landspitali.is“

Fjögur örnámskeið á Landspítala um vísindavinnu

Á kennslu- og fræðasviði Landspítala er um þessar mundir boðið upp á fjögur sjálfstæð námskeið um vísindavinnu. Hið fyrsta var 2. des. sl. þar sem farið var í rannsóknarferlið.

Hið næsta verður 13. janúar 2009 þar sem fjallað verður um lesefnisleit og heimilda-

vinnu. Á því þriðja verður rætt um styrkumsóknir og síðasta námskeiðið verður um aðferðafræði með áherslu á þróun spurningalista og viðtöl.

„Kveikjan að þessum námskeiðum er sú að í viðtölum við fagfólk á LSH er nokkuð rætt um þörf á hvatningu til vísinda-

rannsókna og þörf fyrir upp-
rifiun á því sem það hefur þegar lært en ekki notað nýlega. Eins eru umræðurnar á námskeiðinu mikils virði til að skerpa fókusinn og finna lausnir á vandamálum,“ sagði Auðna Ágústsdóttir annar umsjónarmanna námskeiðsins.

Vård i Norden breytist í Nordic Journal of Nursing Research

Fyrir um einu og hálfri tók Guðrún Kristjánsdóttir prófessor við hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands við ritstjórahlutverki hins norræna hjúkrunartímarits *Vård i Norden*.

Í samstarfi við ritstjórn tímaritsins, sem í sitja fulltrúar frá fimm hjúkrunarfélögum á Norðurlöndum, hefur tímaritið tekið stakkaskiptum bæði í útliti og stefnu.

Ritstjóri sækir umboð sitt til SSN – samtaka hjúkrunarfélaganna á Norðurlöndum. Það er stefna samtakanna að tímaritið verði leiðandi í miðlun rannsóknaniðurstæðna og fræðilegrar umræðu um hjúkrun og tengd efni, auk þess að miðla fræðilegri og faglegri umræðu um hjúkrunarleg viðfangsefni á norrænum vettvangi.

Íslenskir hjúkrunarfræðingar eru sérstaklega beðnir um að

kynna sér tímaritið og taka þátt í uppbyggingu þess með því að senda inn til tímaritsins rannsóknaniðurstæður sínar auk fag- og fræðilegra umræðna, ýmist sem fulla tímaritsgrein eða sem stuttgrein (*short paper*).

Tímaritið hefur fengið enskt heiti og nefnist *Nordic Journal of Nursing Research*. Það er gefið út bæði í tímarits og raf-rænni útgáfu.

Gagnasöfnun nýlokið í samevrópskri krabbameinsrannsókn

Nýlokið er gagnasöfnun í stórrí samevrópskri rannsókn sem nefnist Evrópsk rannsókn á lyfjaerfðafræði ópíóíða (European Pharmacogenetic Opioid Study EPOS).

Íslenskir ábyrgðarmenn rannsóknarinnar eru þær Sigríður Gunnarsdóttir lektor við hjúkrunarfræðideild HÍ og forstöðumaður fræðasviðs í krabbameinshjúkrun við HÍ og LSH og Valgerður Sigurðardóttir yfirlæknir á Líknaeild LSH í Kópavogi. Gögnum var safnað frá 150

krabbameinssjúklingum á Íslandi en alls tóku um 3.000 sjúklingar þátt í rannsókninni sem unnin var í 11 löndum.

Í rannsókninni var safnað víðtækum upplýsingum um krabbameinsverki og meðferð þeirra en markmiðið var að skoða lyfjaerfðafræði, tegund og skammtastærðir ópíóíða, mat sjúklinga á verkjum og lífsgæðum og innbyrðis tengsl þessara þátta. Einnig voru skoðaðar hugmyndir sjúklinga sem hafa áhrif á verkjameðferð en íslensku rannsak-

endurnir munu m.a. stýra úrvinnslu þeirra gagna.

Rannsóknin hefur hlotið marga veglega styrki m.a. úr Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands, Vísindasjóði LSH, Krabbameinsfélagi Íslands, Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga og Minningarsjóði Bergþóru Magnúsdóttur og Jakobs J. Bjarnasonar.

Á næstu mánuðum verður unnið úr gögnunum bæði fyrir hópinn í heild og fyrir íslensku þátttakendurna.



Ljós./Hildur

Hópmeðferð fyrir foreldra ungra barna sem eru komnir í þrot

Hópur sérfræðinga stefnir að opnun meðferðarstöðvar á næsta ári þar sem boðið verður upp á hópmeðferð fyrir mæður sem eiga við geðheilsu- og tengslavanda að stríða og börn þeirra á aldrinum 0–5 ára.

Anna María Jónsdóttir geðlæknir hafði forgöngu sl. sumar um að fá tvo skoska sálfræðinga til að halda námskeið fyrir starfsfólk Reykjalundar og fleiri. Sóttu 14 lækningar, hjúkrunarfræðingar og

sálfræðingar námskeiðið og eru þeir að vinna áfram að verkefningu.

Marga Thome prófessor, sem hefur rannsakað þunglyndi nýbakaðra mæðra, segir að hér sé nýjung á ferðinni, þar sem lögð sé sérstök áhersla á að bæta samskipti móður og barns og stundum mæti öll fjölskyldan í meðferð. Einnig sé athyglisvert að börn undir 3ja ára aldri taki þátt í meðferðinni.

Anna María segir að þrátt fyrir gott heilsugæsluverki eigi hluti foreldra og barna við vanlíðan að stríða og þurfi meiri þjónustu en hefðbundin mæðra- og ungarbarvernd býður upp á. „Þessi nálgun hefur gefið góða raun, t.d. með aukinni vellíðan foreldra og ánægju í foreldrahlutverkinu. Auk þess fer börnum fram í þroska og hegðunarvandamál minnka, einkum hjá fjölskyldum sem hafa margþættan vanda.“

„Þessi meðferðarnálgun hefur gefið góða raun, t.d. með aukinni vellíðan foreldra og ánægju í foreldrahlutverkinu“

Prófessor Britt-Inger Saveman miðlar af reynslu sinni

Prófessor Britt-Inger Saveman við háskólann í Umeå í Svíþjóð kom til Íslands í nóv. sl. Hún er einn af aðalhöfundum spurningalistans FINC-NA (Families' Importance in Nursing Care – Nurses Attitudes) sem hefur verið þýddur og forprófaður á íslensku og notaður í tengslum við innleiðingu fjölskyldu-hjúkrunar á Landspítala.

Spurningalistinn heitir á íslensku „Mikilvægi fjölskyldna við hjúkrun – Viðhorf hjúkrunarfræðinga.“

Saveman hitti hjúkrunarfræðinga í stýrihóp í innleiðingu fjölskylduhjúkrunar á Landspítala og hjúkrunarfræðinga í innleiðingarhóp á geðsviði til að ræða hvernig hægt væri að þróa spurningalista áfram og jafnvel framkvæma samanburðarrannsókn á viðhorfi hjúkrunarfræðinga á milli Svíþjóðar og Íslands.

Saveman hitti einnig kennara og doktorsnema hjúkrunarfræðideilda HÍ. Hún sagði frá reynslu sinni varðandi doktorsnám og kennslu við háskólann

í Umeå, m.a. að sérstök námskeið væru haldin fyrir kennara sem vilja vera leiðbeinendur doktorsnema. Hún talaði einnig um mikilvægi þverfaglegrar samvinnu í rannsóknarverkefnum og hvernig hjúkrun gæti þróast í samvinnu við aðrar stéttir.

Saveman er í doktorsnefnd Eyðisar Kr. Sveinbjarnardóttur sviðsstjóra á LSH.



Skilafrestur á útdráttum á 9. ráðstefnu um fjölskylduhjúkrun. IFNC hefur verið framlengdur til 12. janúar. 2009. www.ifnc2009.com